

Alþingi  
Erindi nr. P 128/254  
komudagur 22/11 2002



Alþingi Íslendinga  
Hildur Njarðvík, nefndaritari  
Nefndarsvið  
Austurstræti 10  
150 Reykjavík

## FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu  
150 Reykjavík  
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804  
netfang: postur@fel.stjr.is  
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 20. nóvember 2002

Tilvísun: FEL02110030/0005/HSG/--

Félagsmálaráðuneytið vísar til bréfs yðar, dags. 7. nóvember sl., þar sem óskað er eftir álitum ráðuneytisins vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, með síðari breytingum.

Það er almennur skilningur á íslenskum vinnumarkaði að launamenn taki laun samkvæmt eldri kjarasamningi þangað til nýr samningur tekur gildi. Þannig er tryggt að ekkert tómarúm verði við gerð nýrra kjarasamninga. Þegar samningur milli aðila er í höfn er kveðið á um gildistöku ákvæða hans. Væri því ef til vill eðlilegra að aðilar semdu um að umræddar launahækkanir og aðrar breytingar á kjarasamningi tækju gildi frá þeim degi er sanngjarnt þætti í hverju tilviki er samningar hafa dregist á langinn í stað þess að kveðið yrði á um slíkt með lögum. Virðist því sem umrædd breytingatillaga takmarki samningsfrelsi aðila.

Ráðuneytið vill undirstrika að gerð kjarasamninga er alfarið á verksviði samtaka aðila vinnumarkaðarins og hefur verið lögð áhersla á að aðilarnir semji um kaup og kjör í viðræðum sín á milli. Þar sem um er að ræða málefni er snertir efni kjarasamninga er mikilvægt að haft sé náð samráð við heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins um þetta málefni. Ráðuneytið telur afgreiðslu frumvarpsins ekki tímabæra.

F. h. r.

 /   
Gylfi Kristinsson / Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir